

Því úrskurðast:

Krafa gerðarpola um að fresta máli þessu skal ekki tekin til greina.

Þriðjudaginn 25. september 1951.

Kærumálið nr. 20/1951.

Vesta h/f

gegn

Agnari Lúðvíkssyni.

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson
og próf. Ólafur Jóhannesson í stað
hrd. Gizurar Bergsteinssonar og hrd.
Árna Tryggvasonar.

Synjun frests.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 3. júlí þ. á., sem hingað barst 16. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð, kveðinn upp í bæjarþingi Reykjavíkur 27. júní s.l., þar sem sóknaraðilja var synjað um frekari frest í máli varnaraðilja gegn honum.

Hæstarétti hafa hvorki borízt kröfur né greinargerð frá sóknaraðilja, en ætla verður, að hann hafi kært úrskurðinn í því skyni að fá framhaldsfrest þann, sem héraðsdómari hafði synjað honum um.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann. Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 300.00.

Kæra í máli þessu er undirrituð af Margréti Ingimarsdóttur, Laufásvegi 2, Reykjavík, f. h. h/f Vestu. Hún hefur hvorki í héraði né hér fyrir dómi greint nein rök fyrir kröfum um fresti í víxilmáli því, sem hér er um að tefla. Kæra máls þessa er því misnotkun á kæruheimild laga nr. 85/1936, og

sýnt þykir, að hún sé gerð í því einu skyni að tefja málið að óþörfu. Samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 188. gr. laga nr. 85/1936 verður greindum fyrirsvarsmanni sóknaraðilja, Margrėti Ingimarsdóttur, því dæmt að greiða 200 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Vesta h/f, greiði varnaraðilja, Agnari Lúðvíkssyni, kr. 300.00 í kærumálskostnað.

Margrét Ingimarsdóttir greiði 200 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 27. júní 1951.

Mál þetta, er tekið var til úrskurðar í gær, hefur Agnar Lúðvíksson, umboðs- og heildverzlun hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 12. s. m., gegn hlutafélaginu Vestu hér í bænum til greiðslu víxils, að fjárhæð kr. 14874.20 með 6% ársvöxtum frá 25. maí 1951 til greiðsludags, $\frac{1}{2}\%$ fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 37.90 í afsagnarkostnað, og málskostnaðar.

Mál þetta var þingfest 19. þ. m., og fékk stefndi þá frest til ritunar greinargerðar til 26. s. m. Á bæjarþinginu þann dag óskaði stefndi enn eftir fresti til 4. september n. k., en því var mótmælt af stefnanda, og var atriðið tekið til úrskurðar að kröfu stefnda. Stefndi hefur hvorki fært fram sérstakar ástæður fyrir frestbeiðni þessari né getið þess, hvers vegna þegar veittur frestur hefur eigi nýtt til ritunar greinargerðar. Þykir því ekki unnt að veita frekari frest gegn andmælum stefnanda.

Jón Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Umbeiðinn frestur verður eigi veittur.